

Aðalfundur Félags hrossabænda 2009

Haldinn þann 6.nóv. á Hótel Sögu

Kristinn Guðnason setti fundinn og tilnefndi þá *Jósef Valgarð Þorvaldsson* og *Helga Eggertsson* sem fundarstjóra og var það samþykkt. *Kári Arnórsson* og *Ólafur Einarsson* tilnefndir í kjörnefnd og tilnefningin samþykkt. *Ritari Hallveig Fróðadóttir*.

Ávörp gesta

Jón Baldur Lorange mætti fyrir hönd Bændasamtaka Íslands í fjarveru formanns og framkvæmdastjóra. *Jón Baldur* fór yfir samstarf Bændasamtakanna og Fhb en þar er helst að nefna Hestatorgið og samstarfið um Worldfeng en Fhb var frumkvöðull í því að gera samkomulag um fría aðild fyrir sína félagsmenn. *Jón Baldur* fór yfir nýjungar í Worldfeng en nýlega var rafrænu skýrsluhaldi bætt inn í Worldfenginn sem gefur skýrsluhöldurum aðgang að folalda- og afdrifaskráningum sinna hrossa og einnig geta þeir skráð eigandaskipti og geldingu. Ennfremur er í heimaréttinni yfirlitssíða um skýrsluhaldsskil þar sem kemur m.a. fram hvort að búið sé að gera grein fyrir afdrifum fangs allra hryssa í eigu viðkomandi skýrsluhaldara og þeirra sem hann hefur umboð fyrir í heimaréttinni. Jafnframt koma fram á þessu yfirliti öll A-gæðavottuð hross og ef hross hafa ekki verið einstaklingsmerkt eins og skylda er að gera samkvæmt reglugerð þar um. Skýrsluhaldarar geta ennfremur afþakkað skýrsluhald á pappír í heimaréttinni. Íþrótt- og gæðingakeppnis gögn úr Mótafeng og Kappa eru nú aðgengileg og vinnur LH að því að koma inn upplýsingum um eldri mót. Samdráttur er fyrirhugaður í framlögum til BÍ sem mun hafa einhver áhrif á þróun Worldfengs. *Jón Baldur* sagði að BÍ væri ekki hlynnt aðild að ESB en unnið væri í því að aðlaga t.d. hestapassann að reglugerðum ESB.

Sigrún Ólafsdóttir, Félagi tamningamanna, flutti kveðjur frá FT og þakkir fyrir gott samstarf og nefndi m.a. fræðslufundi og ráðstefnur sem haldin voru í samvinnu við Fhb á síðasta ári. Vinna þarf að hagsmunamálum hestamenskunnar almennt og auka enn samstarf innan greinarinnar og nýta þá krafta sem til staðar eru.

Bjarni Maronsson flutti kveðju fá Landgræðslu ríkisins og fór yfir samstarf Fhb og Landgræðslunnar í gæðastýringakerfi hrossaræktarinnar. Landnýtingarþátturinn er í höndum Landgræðslunnar og 45 býli voru þáttakendur í fyrra en hefur fækkað örlítið. Ástæða þess að þátttakan er ekki meiri er helst sú að þetta er ekki er talinn gróðavænlegur kostur hjá hrossabændum, en *Bjarni* nefndi að t.d. heynotkun sem gæti minnkað við að nýta sér ráðgjöf í landnýtingu, sem og betri nýting beitarhaga. Gátlisti fyrir stóðhestahólf var hannaður af Landgræðslunni í samvinnu við Fhb. Óþarflega víða eru t.d. beitarmál ekki í góðum málum. Efla þarf samstarfið og taka höndum saman með búfjárefntirlitsmönnum og dýralæknum og útrýma vanfóðrun hrossa en þar eru fáir einstaklingar sem skemma fyrir heildinni.

Hlé gert á ávörpum gesta þar sem *Jón Bjarnason*, ráðherra var ekki kominn, og farið í 3ja lið.

Hulda G. Geirsdóttir sýndi nýja heimasíðu FHB og vakti athygli á einfaldleika í umsjón og möguleikum síðunnar sem markaðstæki. *Orion* vefsmiðja hefur gert tilboð um verð til deilda Fhb vegna kaupa á heimasíðum. Stefnt er á að heimasíðan verði upplýsinga og þekkingabrunnur sem á að nýtast félagsmönnum Fhb sem og hinum almenna hestamanni.

Eftir yfirferð HGG um heimasíðuna og vefkerfið fór *Kristinn Guðnason* yfir mannabreytingar í Fagráði í hrossarækt og fjölgun í fagráðinu. *Gísli Gíslason* á Þúfum tók við af *Herdísi*

Einarsdóttur, Grafarkoti, sem setið hafði í fagraði í 4 ár, og Ísleifur Jónasson, Kálfholti kom nýr inn sem fulltrúi LH.

Jón Bjarnason, landbúnaðarráðherra sagði hrossaræktina vera vel í stakk búna til að spjara sig þrátt fyrir erfitt þjóðfélagsástand og að stórstígar framfarir hafi verið í greininni á öllum sviðum (ræktun, tamning o.þh.). Hesturinn á djúpar og sterkar rætur í sögu þjóðarinnar og er hestamennskan útbreidd hér á landi og hentar öllum, óháð aldri. Á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss fann Jón hvað íslenski hesturinn hefur sterka og falleg mynd erlendis. Fjölbættur iðnaður tengist hestamenskunni sem og ýmis þjónusta. Ánægjulegt var að sjá á HM hve margir þátttakendur eru fyrrum nemendur Hólaskóla, bæði íslenskir og erlendir aðilar. Við getum verið stolt af því sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, svo sem samstarfið við FEIF þar sem sameinuð er hestamennskan og ræktunin í hinum ýmsu löndum. Landbúnaðarráðuneytið hefur einnig komið að því að styrkja ýmis verkefni í tengslum við íslenska hestinn. Við vinnum okkur út úr lægðinni á okkar eigin forsendum og á þeim auðlindum sem við eigum og þar með er talinn íslenski hesturinn.

Skýrsla stjórnar

Kristinn Guðnason sagði frá því að fjórir stjórnarfundir hafa verið haldnir frá síðasta aðalfundi ásamt símafundum. Starfshlutfall Huldu G. Geirsdóttur var aukið út 35% í 45% í upphafi árs 2009. Auðvelt er að koma hrossum í slátrun núna, en þó ber að geta þess að hægar hefur gengið að flytja kjöt til Rússlands en áætlað var. Átak var gert á Suðurlandi til að safna saman sláturhrossum og tóks það vel og með því að flytja hrossin á Hvammstanga var hægt að létta á biðlistum á Suðurlandi. Sala á folaldakjöti er góð en verðið hefur þó ekki hækkað. Vöntun er á hryssum í blóðtöku.

Hestatorgið á HM2009 tókst vel þó það væri minna í sniðum en áður og þegar er farið að leggja drög að hestatorginu á Landsmóti 2010. Hulda G. Geirsdóttir hefur tekið saman sér skýrslu um Hestatorgið og má nálgast hana hjá henni. Góð þróun er í Knapamerkjakerfinu en öll fimm stigin eru komin út á bók og eftirspurn eftir efninu á erlendum tungumálum er mikil. Stefnt er að þýðingum Knapamerkjanna á þýsku, ensku og sænsku. Á fjárlögum hafa 25 millj til hestamenskunnar verið teknar út en reyna þarf að fá þessa upphæð aftur inn.

Ráðstefnan „Út með ágrip“ var haldin á Hvanneyri í mars og tókst hún vel..

Nýja heimasíðan var gerð fyrir styrk úr þróunarsjóði hrossaræktarinnar, þar sem hún féll undir viðameiri umsókn, ásamt fleiri verkefnum sem styrkur fékkst fyrir.

Nýr búnaður var keyptur á árinu, flatskjár og tölva.

Fhb hefur ávallt stutt Worldfeng og er búið að uppfylla óskir Fhb sem fram komu á aðalfundi í fyrra um þróun WF. Fjármagn til Worldfengs frá ríki verður ekki til staðar í ár og því spurning hvort Fhb kemur að stuðningi við Worldfeng sem mótvægi við það.

Aðbúnaður hrossa - Kristinn fordæmdi vanfóðrun hrossa en minnti á að einnig þarf að huga að förgun hrossa.

Ýmsar rannsóknir voru styrktar á árinu s.s rannsókn Sigríðar Björnsdóttur, sumarexemið, frjósemisrannsóknir og verkefni Elsu Albertsdóttur og Þorvaldar Kristjánssonar.

Aðkoma Íslendinga að Heimsmeistaramótinu í Sviss var minni en áður hvað varðar áhorfendur og þátttöku á markaðssvæði.

Lækkun virðisaukaskatts, það mál er í bið en er mikið hagsmunamál t.d. á hrossasölu innanlands.

Fylgst er með umræðu um ESB aðild, en Fhb fylgir stefnu Bændasamtakanna varðandi inngöngu þar, og vera þarf á varðbergi hvað varðar innflutning á matvælum og erfðaeefni. Kostir varðandi inngöngu eru mjög fáir.

Fjármál félagsins eru frekar góð og samstarf við Landbúnaðarháskólana á Hvanneyri og Hólum er gott. Félagið studdi við gerð kynningar myndbands um íslenska hestinn sem sýnt er í flugvélum Icelandair með því að leggja til texta í handrit, auk þess sem nefna má fleiri kynningarverkefni s.s. matreiðsluþáttur, útgáfu póstkorta, veggspjalda og heimasíðana.

Útflutningur hrossa gengur frekar vel og verðmæti sífellt að aukast og verið er að skoða hvaða erlendu markaðir eru áhugaverðir.

Reikningar

Eyþór Einarsson fór yfir reikninga félagsins og voru þeir bornir upp og samþykktir.

Kjörbréfanefnd

Ólafur Einarsson fór yfir fulltrúa hvers aðildarfélags, las upp nöfnin og fulltrúar stóðu upp við nafnaupplesturinn.

Umræður um skýrslu og reikninga

Helgi Eggertsson gaf orðið laust:

Ingimar Ingimarsson benti á að á bls. 7 í reikningum er ritvilla í ártali á að vera 2008 en ekki 2007.

Svanhildur Hall þakkaði góð erindi og óskaði félaginu til hamingju með heimasíðuna. Langaði að vita hvernig á að standa að því að markaðssetja heimasíðuna þannig að hún finnst t.d. strax í leitarvélum. Markmið síðunnar á að vera fræðsla og kynning sem er nú þegar til staðar, nota þarf þetta tæki sem markaðssetningu og huga þarf að þeim málum þannig að allir fái jafn góða kynningu.

Hrafnkell Karlsson þakkaði góðar skýrslur og heimasíðuna sem honum sýnist aðgengileg og auðveld í notkun. Ræktunarfélög ættu að fá kynningu á síðunni. Mikilvægt væri að leiðrétta virðisaukaskattinn og það var komið á góðan rekspöl fyrir tveimur ríkisstjórnnum síðan. Lægri skattur myndi bjarga miklu fyrir greinina og hún yrði þá sýnilegri. Varðandi reikninga félagsins er honum illa við að farið sé yfir reikninga sem orðnir eru tæplega árs gamlir (ná til 31. des. 2008) og vill hann fá rök gegn því að miða reikningsskil við aðalfund en ekki almanaksárið eins og nú er. Ef ekki er hægt að breyta þessu þá þarf a.m.k. yfirlit yfir stöðuna þegar kemur að aðalfundi. Styrkir til slátrunar og flutningskostnaðar sláturhrossa fer fyrir brjóstið á honum, þ.e. að svo mikil áhersla skuli vera lögð á þennan þátt, þegar á að hampa öllu því jákvæð við hrossin og mikilvægi íslenska hestsins t.d. erlendis – leggja meira í markaðsstarfið til að kynna hrossin sem slík.

Hulda svaraði fyrirspurn Svanhildar og sagði þessi mál vera í vinnslu, en síðan yrði vel kynnt, m.a. með auglýsingum, netumfjöllun og fl.

Eyþór svaraði fyrirspurn Hrafnkels og sagði að farið yrði yfir núverandi stöðu í fjárhagsnefndinni seinna í dag. Mun kynna sér reglur um reikningsár og hvort mögulegt væri að breyta því. Reiknar með að reksturinn verði í járnnum á þessu ári eins og var í fyrra.

Kristinn Hugason sagði frá nefnd í landbúnaðarráðuneytinu sem skoðar möguleika í markaðssetningu íslenska hestsins erlendis. Ásta Möller er í forsvari fyrir henni og stýttist í að tillögur komi frá nefndinni. Tvær tillögur eru þar sem fjalla um Worldfeng og er einhugur um

hið mikilvæga starf sem þar hefur verið unnið að og styrkja þarf WF áfram. Worldfengur hefur í auknum mæli verið markaðsgluggi og þarf að þróa hann áfram. Ennfremur verður lagt til að markaðssetning innanlands og erlendis verið aukin. Virðisaukaskattmálin hafa mikið verið rædd og ekki má gleyma að taka inn í myndina endurgreiðslu á virðisaukaskatti, svo rökin fyrir lækkun eru ekki einhlít og ólíklegt að ríkisstjórn og alþingismenn séu sammála um lækkun á virðisaukaskatti. Nefndin mun koma tillögu um lækkun áfram til ráðherra.

Kristinn Guðnason benti á að verið væri að vinna að því að lækka virðisaukaskattinn en ekki taka hann út. Ánægjulegt er hve margir eru ánægðir með Worldfeng, benti m.a. á að búið væri að samþykkja Worldfeng sem rafrænan hestapassa. Varðandi fyrirspurn Hrafnkels þá eru flutningstyrkir ekki til staðar lengur en þó er hægt að grípa til þess fyrir afskekkt héruð en sá möguleiki hefur ekki verið nýttur í ár. Verðskerðingasjóður hefur styrkt markaðssetningu á hrossakjöti.

MATARHLÉ gert kl. 12.10 til kl. 13.10

Jósef Valgarð setti fund e. matarhlé

Sigríður Björnsdóttir

Fjallaði um erindi frá ESB sem barst yfirdýralæknisembættinu vegna lyfjaskráningar á hrossum og einstaklingsmerkingar. ESB vill meina að þessi mál væru ekki í nógu góðum farvegi hér. Þegar verið er að slátra reiðhestum og eldri gripum er vitað að oft hafa þeir gengið í gegnum hinar ýmsu lyfjameðhöndlanir. Breyta þarf vinnulagi við hrossabúskap og lyfjaskráningu, taka þarf harðar á einstaklingsmerkingum og sláturhús þurfa að sinna sinni skyldu varðandi merkt hross. Fella þarf úr gildi undanþágu sem verið hefur í gildi hvað varðar það að hross fædd 2003 séu undanskilin merkingakvöðum. 500 milljónir er sú upphæð sem reikna má með að hrossasala og slátrun skili á ári. Lyfjaskráning þarf að koma fram í hestapassa og stefndi þar af leiðandi í að gefa þyrfti út hestapassa fyrir öll hross en verið er að endurhanna hestapassana til samræmis við reglur ESB. Þess var farið á leit að Worldfengur yrði samþykktur sem rafrænn hestapassi og hefur ESB tekið mjög vel í þá tillögu og lítur út fyrir að það verði samþykkt. Frá og með áramótum 2009 / 2010 þarf að skrá inn alla lyfjanotkun og fellur sú skráningarskylda á dýralækna og hrossaræktendur (ormalyf o.þ.h.). Ef þetta gerist ekki er útflutningur á hrossakjöt í uppnámi. Hjarðbúskapur eins og tíðkast hér er ekki til staðar í öðrum löndum ESB og verður unnið að þessu með tilliti til þess.

Guðlaugur Antonsson

Guðlaugur fór yfir sýningarárið, fjölda sýninga og fjölda dæmdra hrossa, áverkaskráningar sem teknar voru upp á árinu sem og athugasemdir við eistu. Fjöldi fullnaðardóma 1795 (2059 í fyrra) á 15 sýningum og fjöldi hrossa pr. sýningu var 17 til 511. Miklar umræður voru um sýningarform og vallaraðstæður og breytingar gerðar í framhaldi af því, svo sem að afmarka sprettfæri, víkka brautir, taka harðar á reiðmennsku o.fl.. Gerðar voru tilraunir með kynbótadóma á hringvelli. Þetta var rætt á síðasta fagráðsfundi og ákveðið að senda umsókn til FEIF um gilda sýningu með blönduðu formi. Fór yfir úttekt á opnum hálseinkunum en í ár var skráð niður hversu oft slíkt væri nýtt og niðurstaðan varð eftirfarandi:

Fj:	1345
Opin einkunn:	226
Hlutfall	17,4%
Breyttust:	81
Hlutfall	45,5%
Hækkuðu:	55
Lækkuðu:	26

Fagráð telur rétt að safna gögnum um þetta áfram. Vægi eiginleikanna – breytingatillögur frá þjóðverjum sem vilja lækka gildi háls herða og bóga úr 10% niður í 8,5% og hækka gildi á baki og lend úr 3.0% upp í 4.5.% hægt tölt fari í 3,0 % (var ekkert), Skeið úr 10.0% í 9.0%, hægt stökk 3.0 % (var ekkert), vilji og geðslag úr 9.0% niður í 5.0,% fet í 4,0% úr 3,0% og herða á einkunnum í tölti og stökki .

Worldfengur – heimaréttin, skýrsluhaldið orðið rafrænt, afkvæmadómar eldri hryssa komnir inn, nýtt kynbótamat, íþrótt og gæðingadómar komnir inn.

Sýningar 2010 - Spurning hvort lengja eigi sýningatímabilið- allir stóðhestar 4 vetra og eldri eiga að vera DNA greindir, sem og foreldrar þeirra skv. FIZO kynbótareglum FEIF.

Landsmót 2010 – dagskrá er í endurskoðun en ljóst er að léttu þarf mótin. Tillaga fagráðs er að kynbótahross séu 180-200, hafa afkvæmasýningar á kvölddagskrá sem og skeiðkeppnina og sleppa má ræktunarbússýningunum. Einkunnalágmörk hafa verið hækkuð í öllum flokkum um 0,05 stig.

Hrossarækt 2009 – Gulli kynnti dagskrá ráðstefnunnar og lauk þar sem erindi sínu.

Umræður um erindi Sigríðar Björnsdóttur og Guðlaugs Antonssonar

Hrafnkell Karlsson - spurði um áætlað söluverðmæti 1181 útfluttra hrossa og svaraði Guðlaugur því til að það væri um einn milljarður.

Svanhildur Hall – hefur áhuga á að fá nánari upplýsingar um hálseinkunnir, er vitað hvort miðlægni einkunna er meiri vegna þessara opnu hálseinkunna.

Sæþór Fannberg – hlynntur sýningahaldi í júlí og væru hrossin þá í betra formi en á síðsumarsýningum. Hringvallasýningar fyrirkomulagið hefur verið frekar lítið kynnt en gaman hefði verið að sjá einkunnir hrossanna sem það prófuðu.

Kristinn Guðnason - stjórnin telur skásta kostinn vera þann að nota Worldfeng sem rafrænan hestapassa og leggur áherslu á að einstaklingsmerkja þarf hross fædd fyrir 2003 og þó við gengjum ekki í ESB þarf að framfylgja þessu ef flytja á út hrossakjöt, væri styrkur ef aðalfundurinn myndi samþykkja þetta.

Sveinn Steinarsson - vill auka fjölda sýninga kynbótahrossa. Líta þarf á dómstörf sem viðvarandi starf sem sinnt er á sumrin og ekki þurfi að bíða með að sýna hross fram á haust. Nauðsynlegt er að fá kynningu á heimaréttinni sem er frábært tæki og jafnvel halda námskeið um notkun hennar. Varðandi breytt sýningarform þá sér hann ekki þörfina fyrir þessa breytingu en þörf er á að gera sýningarbrautina hestvænni. Varðandi hringvallarsýningu er þá verið að blanda saman sýningu á beinni braut og á hringvelli? Þetta þarf að útskýra betur.

Bjarni Þorkelsson – júlísýningar hlytu að marka framför í sýningahaldinu. Heimaréttin er snilldar viðbót við Worldfeng sem er í stöðugri þróun og umboð heimaréttar kemur sér mjög vel. Heimasíða Fhb er góð. Reglugerðar áþjón ESB er lítið hægt að tjá sig um og eina sem hægt er að gera er að finna skásta kostinn. Hringvallasýningar hafa verið mikið ræddar í fagráði, er sjálfur enginn sérstakur áhugamaður um notkun hringvalla við kynbótasýningar en ekki er þó ástæða til að banna það, heldur fengju knapar að ráða því. Bjarni telur ekkert markvert hafa komið fram í gagnrökum þ.e. ekkert sem bendir til þess að verra sé að nota hringvöllinn. Fram kom í morgun að Systa og Helga Thoroddsen hefðu fengið styrk til að rannsaka áverka í munni hrossa og hefði hann áhuga á að fá nánari upplýsingar um það.

Guðlaugur Antonsson - svaraði Svanhildi með miðlægnina, yfirleitt er verið að ræða einkunnabililð 7,5 til 8,5. Sér ekkert því til fyrirstöðu að taka upp júlí sýningar, ef færri en 25 hross eru á sýningu þá dugar að hafa tvo dómara svo kostnaðurinn ætti að haldast í lágmarki. Búnaðarsamband Suðurlands hefur séð um Suðurlandssýningarnar og fyrirstaða hefur verið hjá þeim að hafa tvær sýningar á sama tíma. Varðandi heimaréttina þá er það góð tillaga að halda námskeið / kynningu á henni. Rætt var um ákvörðun þess að hringvallarsýningar dattu út og árið 1990 var tekin upp sýning á beinni braut einungis. FEIF fundur var haldinn í Hamborg, Þýskalandi í lok febrúar og þar var ljóst að passa þarf upp á að ekki verði gengið of langt í reglugerðum sem ganga mun lengra en þær sem eru í gildi hér, t.d. varðandi beislabúnað.

Sigríður Björnsdóttir – munnur og mál er þróunarvekefni sem ætlað er að taka saman fróðlegt efni um byggingu munnsins, hvernig hann virkar og hvernig við getum notað beislisbúnað án þess að skemma eða valda áverkum. 30 % hrossa á stórum mótum eru með áverka í munn og einn liður í því er að fræða knapa um munn hestsins. Þessir áverkar gerast yfirleitt ekki á viðkomandi móti heldur mun fyrir og það er erfitt að fá FEIF til að skilja það. Lengd méla er stærsti skaðvaldurinn, þ.e. eru of löng og eru jafnvel höfð of hátt uppi í hrossinu. Þetta þarf að skoða og geta ráðlagt knöpum.

Kristinn Guðnason - hringvallarsýningar komu fyrst fram í umræðu þar sem mörg hross komu ekki heil úr kynbótasýningum, í tilrauninni á hringvelli komu hrossin óþreyttari úr dómi en samt með góða dóma, tíminn sem fór í þetta var mun skemmri. Þetta var ein leið til að finna nýjar leiðir í kynbótasýningum og ekkert sem segir að þetta sé eina leiðin. Hvað varðar háls og herðaeinkunn þá finnst honum ekki vera rök fyrir því að hafa þessa einkunn opna.

Guðlaugur Antonsson - dómarar eru sáttir við opnu hálseinkunnina en spurning hvort enn sé þörf á þessu?

Tillögur lagðar fram til nefnda

Tvær tillögur frá stjórn voru lagðar fram:

1) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóvember 2009, beinir þeim tilmælum til hrossabænda og hestamanna að ganga vel um það beitiland sem þeir hafa til umráða og rýra ekki gæði þess með ofbeit hrossa. Jafnframt skal brýnt fyrir hrossabændum að haga aðbúnaði og meðferð hrossa sinna, bæði á beit og húsi, samkvæmt þeim reglum sem gilda um fóðrun og aðbúnað hrossa

2) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóvember 2009 samþykkir að skora á Fagråd í hrossarækt að endurskoða hvernig eftirliti er háttað með því að knapar virði reglur kynbótasýninga sem kveða á um að sýnendur, dómarar og starfsmenn skulu vera allsgáðir.

Greinargerð:

Í reglum um kynbótasýningar er skýrt kveðið á um að knapar skulu vera allsgáðir. Hinsvegar er ekki eins skýrt hvernig fylgja skuli þessum reglum eftir, en ábyrgðin liggur hjá sýningarstjórum og dómnefndum að meta það hvort knapar séu allsgáðir en væntanlega er það afar fátítt að grunur vakni um að svo sé ekki.

Vel er þekkt að reglum um bann við notkun vímuefna, hvort sem er við akstur ökutækja eða í hinum ýmsu íþróttagreinum sé fylgt eftir með einhverskonar prófunum eða stikkprufum. Prófanir með einhverjum hætti, t.d. á sýnendum verðlaunahrossa á stórmótum, gætu verið til þess fallnar að undirstrika vilja hrossaræktanda til þess að vera með þessi mál í lagi og fá staðfestingu á að svo sé. Vonandi myndu slík próf eingöngu sýna fram á að knapar kynbótahrossa séu til fyrirmyndar og greininni til sóma

Kjörbréf bárust úr öllum deildum nema Hornafjarðardeild, en einn fulltrúi þeirra mætti þó til fundar eftir að fundarstörf voru hafin.

Deild:	Sendir: Mættir:	
Vesturl.	3	2
Dalamenn	2	2
V. Hún.	3	3
A. Hún.	3	3
Skagafj.	5	5
Eyf. + Þing.	5	4
Hrs. Suð.	11	11
Austurland	3	3
Hornafjarðardeild	1	1

Skipað í þrjár starfsnefndir á fundinum:

- A – Allsherjar og markaðsnefnd – formaður: Ingimar Ingimarsson
- B – Fjárhagsnefnd / kjörnefnd – formaður: Birna Hauksdóttir
- C – Ræktunarnefnd – formaður: Sveinn Steinarsson

KAFFIHLÉ - fundi framhaldið kl. 17.10

Allsherjar og markaðsnefnd skilaði sínum tillögum:

Félag hrossabænda leggur mikla áherslu á að áfram verði hægt að selja íslenskt hrossakjöt inn á markaðssvæði Evrópusambandsins. Til að svo megi verða þarf að koma á skilvísari lyfjaskráningu og fella niður gildandi undanþágu um einstaklingsmerkingu hrossa. Félag hrossabænda tekur undir tillögur MAST þar að lútandi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóvember 2009, beinir þeim tilmælum til hrossabænda og hestamanna að ganga vel um það beitiland sem þeir hafa til umráða og rýra ekki gæði þess með ofbeit hrossa. Jafnframt skal brýnt fyrir hrossabændum að haga aðbúnaði og meðferð hrossa sinna, bæði á beit og húsi, samkvæmt þeim reglum sem gilda um fóðrun og aðbúnað hrossa

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Hulda G. Geirsdóttir gerði frekari grein fyrir heimasíðu Félags hrossabænda ekki síst sem kynningar- og markaðstæki. Nefndarmenn lýstu mikilli ánægju með síðuna. Mikil áhersla yrði lögð á fræðslu og almennar upplýsingar og eru aðildarfélög hvött til að nýta sér þennan aðgang svo og einstakir ræktendur.

Ályktunin færð til bókar

Ræktunarnefnd skilaði sínum tillögum:

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóvember 2009 samþykkir að skora á Fagráð í hrossarækt að endurskoða hvernig eftirliti er háttað með því að knapar virði reglur kynbótasýninga sem kveða á um að sýnendur, dómarmenn og starfsmenn skulu vera allsgáðir.

Greinargerð:

Í reglum um kynbótasýningar er skýrt kveðið á um að knapar skulu vera allsgáðir. Hinsvegar er ekki eins skýrt hvernig fylgja skuli þessum reglum eftir, en ábyrgðin liggur hjá sýningarstjórum og dómnefndum að meta það hvort knapar séu allsgáðir en væntanlega er það afar fátítt að grunur vakni um að svo sé ekki.

Vel er þekkt að reglum um bann við notkun vímuefna, hvort sem er við akstur ökutækja eða í hinum ýmsu íþróttagreinum sé fylgt eftir með einhverskonar prófunum eða stikkprufum. Prófanir með einhverjum hætti, t.d. á sýnendum verðlaunahrossa á stórmótum, gætu verið til þess fallnar að undirstrika vilja hrossaræktanda til þess að vera með þessi mál í lagi og fá staðfestingu á að svo sé. Vonandi myndu slík próf eingöngu sýna fram á að knapar kynbótahrossa séu til fyrirmyndar og greininni til sóma

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Vegna fyrirhugaðrar tilraunar á breytingum í sýningarfyrirkomulagi kynbótahrossa, beinir ræktunarnefnd því til Fagráðs í hrossarækt að sýnendum verði frjálst að nota hringvöll við hluta sýningarinnar. Kjósi knapi að nota einungis beina braut geti hann óskað eftir því að lokað verði inn á hringvöllinn.

Umræður um tillöguna:

Kristinn Guðnason tók til máls og ítrekaði að umræðan um þetta í fagráði var um að gera þetta sem tilraun og ef að aðferð væri frjáls þá væri spurning um hvort niðurstöður yrðu marktækar, þ.e. ef engar kvaðir eru á notkun á hringvelli í hverri sýningu. Betra væri t.d. að á síðsumarsýningu á Hellu t.d. væri seinni sýningarvikan með blönduðu formi og knapar gætu þá ráðið hvorn möguleikann þeir nýttu sér.

Eyþór Einarsson tók til máls og spurði: Hvernig á að mæla niðurstöður og hvað er það sem á að mæla/dæma í þessari tilraun?

Guðlaugur Antonsson kom upp og var ekki sammála því að þetta yrði valfrjálst. Sagði þá knapa sem prófað hafa, vera hrifna af þessu formi, jafnvel þeir sem voru ósáttir við það fyrirfram. Varla hægt að tala um þetta sem tilraun ef valið er frjálst milli beinnar brautar og hringvallar.

Kristinn Hugason benti á að gildandi reglur hljóða upp á að kynbótahross skulu sýnd á beinni braut. Þessar reglur voru settar á sínum tíma til að samræma sýningaaðstæður en fram að því voru hross sýnd við ýmsar misgóðar aðstæður, á grasbölum, heimreiðum ýmis konar og á

síldarplönunum. Reglur voru settar til að staðla sýningasvæði. Hið besta mál að prófa þetta en þá yrði tilraunin að vera fastmótuð og út úr tilrauninni fæst tilfinningalegt mat á hvort þetta sé betra kerfi eða ekki. Útfærsla þarf að vera á hreinu, þ.e. hvað er sýnt á hringvelli og hvað á beinni braut.

Sveinn Steinarsson sagði að með því að hafa þetta valfrjálst kæmi í ljós hve margir kjósa að nota hringvöllinn og hve margir beinu brautina einungis.

Kristinn Guðnason sagði að ef sýning verður haldin í júlí (seinni partinn) væri hægt að prófa þetta form þar og þá kæmi í ljós hvort knapar velji þetta form, þ.e. knapar gætu skráð sig í þessa tilraun.

Guðlaugur var ekki sammála þessu þar sem þá geti knapar valið hvaða hross þeir sýna á hringvelli og hvaða hross einungis á beinni braut.

Sveinn sagði að búið væri að prófa þetta og enn væri hluti manna á móti þessu, ekki fullur stuðningur við þessa aðferð.

Tillagan borin upp og samþykkt

Fjárhagsnefnd – fór yfir rekstrar áætlun félagsins og lagði hana fyrir aðalfundinn – áætlunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nefndin gerir tillögu um að framlög í stofnverndarsjóð verði 3.500 kr. (20 evrur) sem í raun sama upphæð og var fyrir 2 árum.

Guðlaugur Antonsson tók til máls, en fjallað var um þessa gjaldtöku í nefnd sem unnið hefur að endurskoðun laga um útflutning hrossa, en ekkert gerðist í þeim málum. Þá var verið að ræða hækkun úr 500 í 1500, svo spurningin er hvort þetta gangi eftir.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Rætt hafði verið um stuðning við kaup á verðlaunagrip til minningar um Þorkel Bjarnason og samþykkti fundurinn að koma að því verkefni.

Fjárhagsnefnd leggur til að félagsgjöld Félags hrossabænda verði óbreytt frá fyrra ári, kr. 4.000.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Kosningar

Kosið var um tvo stjórnarmenn til þriggja ára: Ólafur Einarsson og Helga Thoroddsen eiga að ganga úr stjórn og Helga gefur ekki kost á sér áfram. Tillaga um Ólaf Einarsson og Magnús Jósefsson - samþykkt með lófataki.

Þrír varamenn kosnir til eins árs:

Bertha Kvaran
Vignir Sigurðsson
Ragnar Magnússon

Samþykkt samhljóða með lófataki

Búnaðarþingsfulltrúi:

Baldvin Kr. Baldvinsson gefur ekki kost á sér
Sigbjörn Björnsson kjörinn og Jósef Valgarð Þorvaldsson sem varamaður.

Samþykkt með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörin:

Birna Hauksdóttir
Gunnar Dungal

Samþykkt með lófataki.

Sigurbjartur Pálsson - LM framtíðarsýn

Framtíðarsýn BÍ á landsmótin – dagskráin er mjög þétt og örstutt hlé á milli atriða mynda mikið álag á veitingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu sem þarf að reyna að vinna bug á. Rætt hefur verið um að skipta upp landsmótum í mót fullorðinna annars vegar og barna- og unglunga hins vegar. Fækka mætti hrossum (þátttakendum) bæði í kynbóta- og sportgeiranum en engar ákvarðanir hafa verið teknar um það. Reyna þarf að létta á dagskránni án þess að búa til dauða tíma, þannig að fólk geti hist og rætt málin m.a.. Staðsetningar landsmóta: undanfarin ár hafa verið fjórir staðir í gangi, upp hafa komið tillögur um að staðirnir yrðu aðeins tveir og jafnvel bara einn. Uppbygging á svæðunum er dýr og aðstaða nýtist ekki milli landsmóta. Sigurbjartur telur að stefna eigi einungis á tvo landsmótsstaði.

Umræður um erindi Sigurbjarts:

Hrafnkell Karlsson – Spyr hvort staðsetning Landsmóts 2012 hafi verið ákveðin. Sigurbjartur segir það vera ákvörðun LH.

Sigríður Björnsdóttir - nýta má báða velli samtímis í lengri tíma, a.m.k. einum degi lengur og rýmka þannig um dagskrána. Vill ekki fækka hrossunum enda er þetta vettvangur þess að sjá hvað er í gangi.

Kristinn Guðnason - spurning til Sigurbjarts: Hafa landsmótsstaðir ekki verið ræddir innan Bændasamtakanna? Landsmót ehf er jú hlutafélag að 1/3 í eigu BÍ og 2/3 í eigu LH.

Sigurbjartur var sammála Sigríði með að fækkun hrossa sé ekki vænlegasti kosturinn, gengið hefur verið út frá því að kynbótahrossin séu um 200 og er það góður fjöldi. Stjórn BÍ hefur ekki rætt landsmótsstaði. Sigurbjartur sagði einnig að lítilsháttar hagnaður hafi verið eftir síðasta landsmót og nýtist hagnaðurinn við undirbúning næsta landsmóts. LH hefur tekið ákvörðun um staðsetningar enda með tvo af þremur stjórnarmönnum LM á sínum snærum.

Guðlaugur Antonsson - varðandi það að hafa tvo velli í notkun á t.d. Vindheimamelum þá er það ekki eins auðvelt í framkvæmd og t.d. á Gaddstaðflötum. Hugmyndir eru uppi um að byrja ef til vill dagskrána á sunnudegi í stað mánudags og nefnt hefur verið að hægt væri að hafa þann dag n.k. æskulýðsdag. Lög LH segja að staðsetning skuli ávörðuð af LH. Með tvö hundruð kynbótahross má ekkert koma uppá til að skipulagið raskist samanber rokið á Hellu 2009.

Eyþór Einarsson - hvert er aðalmarkmiðið með rekstri Landsmóts ehf? Er það eingöngu gróðasjónarmið? Eða á að taka tillit til fleiri þátta s.s. landsbyggðarsjónarmiða? Væri ásættanlegt að reka þetta nokkurn vegin á sléttu? Hvaða sjónarmið skipta mestu máli í Landsmótshaldinu?

Sigurbjartur - svarar þessu þannig að honum finnst gróðasjónarmið vera ríkjandi en persónulega tekur hann að það hafi ekki verið upphaflega hugmyndin heldur að færa fjárhagslega áhættu frá LH og BÍ. Þó er nauðsynlegt að til sé sjóður sem geti jafnað sveiflur í aðsókn, sem getur snarminnkað t.d. vegna veðurs, o.fl..

Guðlaugur Antonsson - hefur ekki heyrt minnst á að stefnt væri á einn stað og þá ekki þann sama og 2008.

Önnur mál

Kári Arnórsson kom með vísu skot á Kristinn Guðnason:

Það sem Hulda hefur okkur sýnt
Hefur Kristinn ekki getað metið
Það er orðið ákaflega brýnt
Að einhver komi honum á netið.

Kristinn Guðnason tók síðastur til máls og ítrekaði sjálfbærni LM og HM t.d. Þakkaði Helgu Thoroddsen og Baldvini Kr. Baldvinssyni störf þeirra á liðnum árum og bauð nýjan stjórnarmann velkominn, þakkaði starfsmönnum og fundarstjórum og sleit fundi.